

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna íbúðarbyggðar ÍB10, Patreksfirði.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 2. september 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 sem samþykkt var í heimastjórn Patreksfjarðar 3. desember 2025.

Í breytingunni felst að landnotkun lóðarinnar Mikladalsvegur 2A á Patreksfirði er breytt úr íbúðarbyggð (ÍB10) í athafnasvæði (AT4) til samræmis við núverandi landnotkun. Við breytinguna minnkar ÍB10 úr 0,8 ha í 0,6 ha og AT4 stækkar úr 0,3 ha í 0,4 ha. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 2. september 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 3. september 2026